

4. Spariskírteini:		
a. 1. fl. 1970	kr.	75 000
b. 2. fl. 1976	—	3 000 000
c. 2. fl. 1977	—	900 000
d. 1. fl. 1978	—	500 000
		<hr/>
		kr. 4 475 000
5. Inneign á Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar		kr. 950 000
		<hr/>
	Eignir samtals	kr. 47 447 400
	Áætlaður erfðafjárskattur	kr. 2 372 370
		<hr/>
		kr. 45 075 030
		<hr/>
	Minningarsjóður Theódórs Johnson	kr. 22 537 515
	Skógræktarsjóður Theódórs Johnson	kr. 22 537 515
		<hr/>
		kr. 45 075 030

Nr. 309.

13. maí 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningar- og menntunarsjóðs Fósturskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. maí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og menntunarsjóðs Fósturskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og menntunarsjóður Fósturskóla Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 16. maí 1970 til minningar um Aðalheiði Aðalsteinsdóttur fósturu er lést 6. október 1961. Hún var fædd 30. október 1937. Stofnendur sjóðsins eru skólasystur Aðalheiðar brautskráðar frá Fóstruskóla Sumargjafar 1960.

Stofnframlag er 13 000.00 krónur lagt fram af skólasysturum Aðalheiðar 1970.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Stofnframlag að fjárhæð kr. 13 000.00.
- Frjáls framlög s. s. minningargjafir.
- Vextir af höfuðstól, eins og hann er hverju sinni.

4. gr.

Sjóðinn má ávaxta:

- Í almennri bankabók eða vaxtaaukabók.
- Með kaupum á ríkistryggðum ríkisskuldabréfum.
- Með vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum.
- Eða á annan jafnöruggan og ábatasaman hátt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, einn tilnefndur af stofnendum sjóðsins, annar af Fósturskóla Íslands og hinn þriðji af stjórn Fóstrufélags Íslands. Heimilt er að nefna varamenn. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn, og halda fundi a. m. k. tvisvar á ári. Stjórnin tekur til starfa 1. júní 1980. Formaður sjóðsstjórnar er fulltrúi stofnenda. Stjórnin ákveður úthlutanir úr sjóðnum (með eða án umsókna).

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr sjóðnum allt að helmingi tekna hans í hvert sinn. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins sem er stofnframlag hans frá 1970 kr. 13 000.00 auk gjafar frá 1971 kr. 10 000.00, sem hvort tveggja er bundið í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Skólastjóri Fósturskóla Íslands annast varðveislu sjóðsins, ávöxtun og reikningshald í samráði við stjórn sjóðsins.

Stjórnin heldur gerðabók.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðsstjórninni og samþykktar af stofnendum sjóðsins.

27. júní 1980.

Nr. 310.

REGLUGERÐ

um sjómannafrádrátt.

1. gr.

Maður, lögskráður á íslenskt skip, má draga frá tekjum sínum sjómannafrádrátt, 2 700 kr., fyrir hvern dag sem hann telst stunda sjómannsstörf. Sama gildir um hlutaráðinn sjómann og hlutaráðinn landmann, þ. e. beitingamann á línubát, enda þótt hann sé ekki lögskráður. Starfsmaður hjá hafrannsóknastofnun og maður sem ráðinn er af hinu opinbera til að hafa eftirlit með fiskveiðum skulu einnig njóta þessa frádráttar fyrir hvern dag sem þeir eru á sjó.

2. gr.

Dagafjöldi skv. 1. gr. skal ákvarða sem hér segir:

1. Hjá sjómanni á fiskiskipi, þ. m. t. sel- og hvalveiðiskipi, skal miða við þá daga sem hann er lögskráður á skipið að viðbættum þeim dögum þegar hann þiggur laun eða aflahlut sem sjómaður, t. d. þá er skip liggur í höfn vegna tímabundinna tafa frá veiðum vegna viðgerða eða þegar skipt er um veiðarfæri, enda sé hann háður ráðningarsamningi og á launum sem sjómaður við útgerðina á því tímabili. Sama á við þá daga sem sjómaður fær greiðslur fyrir hjá útgerðinni þegar hann er í orlofi eða veikur. Frídagar án launa teljast ekki með í þessu sambandi.